

Verkefnasamkeppnin Varðliðar umhverfisins er samstarfsverkefni umhverfis, orku- og loftslagsráðuneytisins, Landverndar og Miðstöðvar útivistar og útináms. Hún hefur það meginmarkmið að kalla eftir leiðsögn yngri kynslóðarinnar í umhverfismálum, en samkeppnin er opin öllum nemendum í 5.-10. bekk grunnskóla hér á landi.

Nemendur í 7. bekk í Sæmundaskóla fyrir verkefnið Hvað get ég gert?

Kveikjan að verkefninu var vinna með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, í framhaldi af þeirri vinnu áttu nemendur að koma með hugmyndir um hvað betur mætti fara í nærumhverfi þeirra. Þau áttu að skipuleggja einhverskonar aðgerð sem felur í sér umbætur og framkvæma hana.

Nemendur unnu í hópum eða sem einstaklingar og urðu til margar flottar hugmyndir sem voru framkvæmdar.

Dæmi um hugmyndir nemenda er: Hvernig bæta má flokkun heima fyrir, hvernig minnka má matarsóun í skólanum, Hvernig nýta má matarafgangna, söfnun fyrir góðan málstað, endurnýting á fatnaði, heimasíða um vegandag, skipulagsbreytingar á nærumhverfi, rannsóknir á snjó, rannsókn á hringrásum og hvernig breyta má neyslu á heimilum svo dæmi séu tekin.

Hugmyndum nemenda er safnað saman á sameiginlega heimasíðu sem er aðgengileg öllum nemendum í Sæmundarskóla. Það ætti að gefa öðrum nemendum góðar hugmyndir um hvernig þeir geta líka haft áhrif á umhverfismál. Mörg verkefnanna hafa áhrif út fyrir skólann t.d. á heimili nemenda og víðar.

Verkefnin eiga það sameiginlegt að vera innlegg nemenda að breytingum til sjálfbærari lífnaðarháttá.

Að mati valnefndar gefur verkefnið nemendum rödd og hvetur þau til þess að hafa áhrif á nærumhverfi sitt, þeir taka fyrstu skref í að vera þátttakendur í mikilvægum breytingum. Verkefnin hafa áhrif á aðra nemendur í skólanum og út fyrir skólann.

Verkefni nemendanna eru ólík og spanna vítt svið sem gerir heildarmyndina stóra og flotta. Með verkefninu tókst nemendum 7. bekkjar Sæmundarskóla í orði og verki að vera sannkallaðir varðliðar umhverfisins. Umbótavinnan þeirra er hafin og nú verður ekki aftur snúið.

Fulltrúar þeirra sem standa að keppninni skipa valnefnd verkefnasamkeppninnar og var hún að þessu sinni skipuð þeim Önnu Kristínu Bang Pétursdóttur frá Miðstöð útivistar og útináms, Sigurlaugu Arnardóttur frá Landvernd og Önnu Sigríði Einarsdóttur frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.